

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Eiríks í Vallholti“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 8. nóvember 1933. Skipulagsskráin er þannig: 109
8. nóv.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eiríks í Vallholti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Eiríks í Vallholti“ og er stofnaður samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrár Eiríks Guðmundssonar, bónda í Ytra-Vallholti, dags. 23. júlí 1927, með 5000 — fimm þúsund — krónum.

2. gr.

Svæði það, sem sjóðnum er ætlað að starfa á, er Seyluhreppur eins og hann nú er, og má engum veita verðlaun úr sjóðnum nema þeim, sem eru búsettir innan takmarka hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim bændum, er skara sérstaklega fram úr í búfjárrækt, svo sem um góða meðferð og hirðingu á skepnum, og sé þá jafnframt gætt fullrar hagsýni um meðferð fóðurbirgða; þeim sem mestum árangri hafa náð í kynbótum og ræktun fénaðarins og ennfremur þeim, sem verða hreppsþúum sínum að miklu liði með fóðurhjálp í harðindum.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en leggja skal við hann $\frac{1}{3}$ — einn þriðja — hluta árlegra vaxta unz sjóðurinn er orðinn 10000 krónur, en upp frá því má verja $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna til verðlauna úr sjóðnum. Gjafir, sem sjóðnum kunna að hlotnast, skulu lagðar við höfuðstól hans.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands eða í Sparisjóði Sauðárkróks.

6. gr.

Verðlaun úr sjóðnum má aldrei veita fleirum en tveimur bændum á ári. Skulu forðagæzlumenn árlega tilnefna þá bændur, er til greina geta komið til verðlauna að þeirra dómi, og fer tilnefning þessi fram um miðjan aprilmánuð. Nefna má til fleiri en þá, er verðlaun geta hlotið á því ári.

Sýslunefnd skal ár hvert kjósa tvo valinkunna bændur, úr nágrenni Seyluhrepps, í dómnefnd, og dæma þeir endanlega um hver eða hverjir úr hópi

109 hinna tilnefndu skuli hljóta verðlaun það ár. Nú verður ágreiningur milli dómnefndarmanna um veitingu verðlauna og skipar þá sýslumaður oddamann dómnefndar eftir sömu reglum og greint hefir verið.

Eigi má verðlaun veita sama manni oftár en þrisvar, þó skal heimilt að veita verðlaun í fjórða skipti, ef það er fyrir mikilsverða fódurhjálp í harðindum. Nú þykir enginn verðlaunaverður eða getur ekki komið til greina af fyrrgreindum ástæðum, og leggjast þá allar tekjur sjóðsins við höfuðstólinn það ár.

7. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir á hendi stjórn sjóðsins og kýs til þess 3 menn úr sínum hóp til 3ja ára. Gengur árlega einn maður úr stjórnarnefnd þessari, í tvö fyrstu skiptin með hlutkesti.

Stjórnin kýs sér formann og hefir hann á hendi reikningshald sjóðsins og umsjón með fjárreiðum hans undir yfirstjórn sýslunefndar.

Nú forfallast dómnefndarmaður frá starfi sínu og tilnefnir stjórnarnefndin þá mann í hans stað til næsta sýslufundar.

Sjóðurinn skal hafa gerðabók og í hana skal skrá skýrslur dómnefndarmanna, reikningar sjóðsins og annað er hann varðar.

8. gr.

Almanaksárið er reikningsár sjóðsins. Skal ársreikningur hans árlega lagður fram á aðalfundi sýslunefndar til endurskoðunar og samþykktar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, sem samín er af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og samþykkt á aðalfundi hennar 8. apríl 1933.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 12. apríl 1933.

Sigurður Sigurðsson.